

EFTIRLITSSKÝRSLA

MALBIKUNARSTÖÐ AKUREYRARBÆJAR

Dagsetning	14. september 2011	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöð Akureyrarbæja	Starfsleyfi, gildir til	1. júní 2015
Heimilisfang	v/ Súluveg, 600 Akureyri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	410169-6229	Fulltrúar fyrirtækis	Jón Hansen Tómas Björn Hauksson
Isat nr.	26.82.9	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 40,216 V18 08,828
Starfsemi	Annar ótalinn steinefnaíðnaður, þó ekki málmíðnaður		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust sex frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð við olúbirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi með fulltrúum rekstraraðila. Grænu bókhaldi hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar, svo og árlegum mælingum á ryki í útblásturslofti. Hér á eftir eru málaflokkar sem rekstraraðili þarf að vinna áfram:

- Skoðun á mælinganiðurstöðum fyrir ryk í útblæstri stöðvarinnar, leiðir í ljós að rykmengun er tvisvar til átta sinnum yfir mengunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi (grein 2.1)
- Botnþykktarmæla skal geyma stöðvarinnar á 10 ára fresti (gr. 2.6) og skila gögnum til Umhverfisstofnunar.
- Viðbragðsáætlun til að hefta rykmengun skal vera tiltæk og skal skila eintaki til Umhverfisstofnunar til yfirllesturs og samþykktar (gr. 2.4).
- Einnig skal útbúa viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðamengunar (gr. 3.3).
- Malbikunarstöð Akureyrar skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim (gr. 4.2).
- Samkvæmt deiliskipulagi fyrir malbikunarstöðina rennur lækurinn „Kelda“ um lóð stöðvarinnar og síðan í Glerá. Nálægð við straumvatn gerir það enn mikilvægara að fara að kröfum um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi sem gerðar eru í reglugerð nr. 35/1994. Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju (gr. 2.7).
- Í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 kemur fram að lóð malbikunarstöðvarinnar gengur inn á náttúruverndarsvæðis Glerárgils. Lóðin hefur verið minnkuð og takmarkast nú við línu sem er 45 metra frá gilbrún Glerárgils. Ljúka þarf þeim breytingum sem þessu fylgir.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Farið var í skoðun á malbikunarstöðinni, lóð og vinnsla malbiks skoðuð, svo og geymar og fráveitumál. Skráningar á mælingarniðurstöðum sem kröfur eru um og á innra eftirliti í stöðinni þarf að bæta.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Útblástursloft brennara

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 2.1, um að útblástursloft megi ekki innihalda meira af ryki en 100 mg/Nm³, m.v. 17% súrefnisinnihald í útblæstrinum. Við skoðun á niðurstöðum mælinga Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á ryki í útblæstri kemur í ljós að rekstraraðili er ekki að ná tilskildum árangri í hreinsun útblásturs. Krafa er hér gerð um úrbætur.

Frávik 2: Botnþykktarmælingar geyma

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 2.6, um að geymar og lagnir skuli uppfylla ákvæði sem sett eru um geymslu olíu á landi. Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, nr. 35/1994 gerir kröfum um botnþykktarmælingar geyma á tíu ára fresti. Engin gögn liggja fyrir hjá Umhverfisstofnun um hvenær olíugeymar (einnig bikgeymar) stöðvarinnar voru botnþykktarmældir. Krafa er hér gerð um úrbætur.

Frávik 3: Viðbragðsáætlun vegna rykmengunar

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 2.4, um að til staðar sé viðbragðsáætlun til þess að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði. Senda skal viðbragðsáætlunina til Umhverfisstofnunar til samþykktar.

Frávik 4: Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 3.3, um að til staðar sé viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðamengunar. Krafa er hér gerð um úrbætur.

Frávik 5: Umhverfismarkmið

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 4.2, um að malbikunarstöðin setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim. Krafa er hér gerð um úrbætur.

Frávik 6: Olíumengað frárennsli í olíuskilju

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 2.7, um að allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum sé leitt í olíuskilju. Krafa er hér gerð um úrbætur.

Athugasemd 1: Náttúruverndarsvæði Glerárgils

Breyta þarf fyrirkomulagi í stöðinni þar sem lóð stöðvarinnar hefur verið minnkuð sem nemur línu sem er 45 metra frá gilbrún Glerárgils.

Reykjavík, 21/10/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.